

Ályktun frá lækna ráði Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði (nr. 44/2014) og vísindastarf á Landspítala

Lækna ráð leggst eindregið gegn nýlegu frumvarpi að lögum sem varða heimild ráðherra að setja reglugerð um gjaldtöku vísindasiðanefndar vegna umsókna um leyfi til vísindarannsókna á heilbrigðisviði. Gjaldtaka sem þessi gæti orðið hindrun í vegi heilbrigðisstarfsmanna sem hafa áhuga á að stunda vísindarannsóknir. Nú þegar er aðgangur að fjármagni og styrkjum til rannsókna á heilbrigðisviði mjög takmarkaður. Það ætti að vera metnaður stjórnvalda að auðvelda vísindamönnum að hefja og stunda rannsóknir fremur en að leggja stein í götu þeirra. Það er hlutverk ríkisins að standa undir kostnaði við hið mikilvæga starf Vísindasiðanefndar og ekki er ásættanlegt að velta þeim kostnaði yfir á einstaka rannsakendur.

Enn fremur herma nýjustu fréttir að í áliti meirihluta fjárlaganefndar við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið segi að draga eigi úr útgjaldavexti til vísinda og samkeppnisjóða í rannsóknum um tæpar 147 milljónir. Þetta eru alvarleg tíðindi, enda gætu afleiðingarnar orðið verulegur samdráttur í nýveitingum styrkja. Lækna ráð væntir þess að umrædd tillaga um niðurskurð til vísindasjóða verði dregin til baka, enda er fremur tilefni til þess að efla framlög til vísinda miðað við núverandi stöðu rannsókna og vísinda. Skýrsla NordForsk sem kom út árið 2017 sýndi glögglega að áhrifastuðull og tilvitnanir í rannsóknir frá Landspítala hafa lækkað verulega undanfarin ár og teljast nú undir heimsmeðaltali.

Lækna ráð vill einnig hvetja bæði stjórnvöld og stjórn Landspítala til þess að vinna markvisst að því að efla vísindavinnu á Landspítala. Sýnt hefur verið fram á að það er hagkvæmt til lengri tíma að fjárfesta í vísindum. Mikill mannaúður er til staðar á Landspítala þar sem fjöldi lækna og annarra starfsmanna hefur þegar aflað sér menntunar og reynslu í vísindastarfi, bæði héraðs og við virtar stofnanir erlendis. Til þess að árangur náist þarf að sjá til þess að metnaðarfullir einstaklingar fái tíma, aðstöðu, fjármagn og hvatningu til rannsóknarstarfa. Þar skiptir virkur stuðningur frá ráðamönnum höfuðmáli.

Á undanförunum árum hefur dregið úr vísindavinnu og mikilvægt að hún verði aftur aukin.

5. desember 2018